

Föstudaginn 25. júní 1993.

Nr. 6/1993.

Félag bókagerðarmanna

(Ástráður Haraldsson hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.

Félags íslenska prentiðnaðarins

vegna Prentsmiðjunnar Eddu hf.

(Jón R. Pálsson hdl.)

Trúnaðarmaður. Uppsögn úr starfi.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var í gær, höfðaði Félag bókagerðarmanna fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinn 27. apríl sl., gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins vegna Prentsmiðjunnar Eddu hf.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að uppsögn stefnda, Prentsmiðjunnar Eddu hf., dags. 30. október 1992, á starfi Baldurs H. Aspar verði dæmd brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og ólögmat af þeim sökum.
2. Að stefnda verði dæmd refsing samkvæmt 11. gr., sbr. 70. gr., laga nr. 80/1938.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómnum, Baldur H. Aspar prentari, Örlygur Sigurbjörnsson prentari, Þorbergur Eysteinsson framkvæmdastjóri og Friðrik Friðriksson framleiðslustjóri.

Málavextir.

Á árinu 1992 var samdráttur í verkefnum hjá Prentsmiðjunni Eddu hf. og töluvert rekstrartap. Vegna þessa var starfsfólki í fyrir-

tækinu sagt upp störfum. Í september 1992 voru starfsmenn fyrirtækisins 39 en í maí 1993 hafði þeim fækkað í 31.

Í september til nóvember 1992 var 5 starfsmönnum sagt upp þar á meðal Baldri H. Aspar.

Baldur H. Aspar var kosinn trúnaðarmaður 27. október 1992 og daginn eftir tilnefndi Félag bókagerðarmanna hann til þess að gegna starfi trúnaðarmanns fyrir félagsmenn FBM í Prentsmiðjunni Eddu hf. til 31. desember 1994, nema annað verði tilkynnt, eins og segir í bréfi Félags bókagerðarmanna, dags. 28. október 1992. Bréf þetta afhenti Baldur H. Aspar framkvæmdastjóra Prentsmiðjunnar Eddu hf. 29. október 1992. Daginn eftir var Baldri sagt upp starfi með 6 mánaða fyrirvara.

Ekki var getið um það í framangreindu bréfi Félags bókagerðarmanna frá hvaða tíma Baldur H. Aspar skyldi gegna trúnaðarmannsstarfanum, en fram er komið að Örlygur Sigurbjörnsson prentari, sem tilnefndur var trúnaðarmaður 19. febrúar 1991 til 31. desember 1992, hafði sagt upp starfi sínu og rann uppsagnarfrestur hans út 31. október 1992. Örlygur hætti störfum 28. október þar sem hann kvaðst hafa átt ótekið orlof. Fram kom hjá framkvæmdastjóra Prentsmiðjunnar Eddu að búið hafi verið að ákveða um miðjan október að segja Baldri upp. En við val á þeim sem sagt skyldi upp hafi verið litið til starfsaldurs hjá fyrirtækinu. Baldur hafi verið með næst stystan starfsaldur prentara hjá fyrirtækinu þrátt fyrir langan starfsaldur í greininni. Þeim hafi báðum verið sagt upp Baldri og þeim prentaranum sem hafði stystan starfsaldur.

Með bréfi, dags. 10. nóvember 1992, mótmælti Félag bókagerðarmanna uppsögn Baldurs og taldi hana óheimila þar sem Baldur væri trúnaðarmaður í fyrirtækinu og njóti þess vegna sérstakrar verndar trúnaðarmanns skv. ákvæði í 11. grein vinnulöggjafarinnar frá 1938.

Bréfi þessu svaraði Vinnuveitendasamband Íslands með bréfi, dags. 20. nóv. 1992. Þar var því mótmælt að 2. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1938 eigi við í þessu máli og tekið fram að Baldur hafi ekkert starfað sem trúnaðarmaður í fyrirtækinu áður en honum var sagt upp. Engin rök séu til að skýra greinina á þann hátt að nýlega tilnefndir trúnaðarmenn ættu að öðru jöfnu að njóta sérstakrar verndar gegn uppsögn umfram aðra starfsmenn. Uppsögn Baldurs hafi átt sér stað 30. október, þ.e. áður en hann hafði tekið við starfi trúnaðarmanns í fyrirtækinu með þeim réttindum og skyldum sem því

fylgja. Uppsögn Baldurs sé að áliti VSÍ lögmæt, enda hafi hún ekkert haft með tilnefningu hans í starf trúnaðarmanns að gera og hafi verið framkvæmd vegna samdráttar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi segir málhöfðunina byggða á l.tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, enda sé hér um að ræða brot á þeim lögum. Með tilkynningu Félags bókagerðarmanna til stefnda, Prentsmiðjunnar Eddu hf., hinn 28. október og með því að Baldur H. Aspar afhenti framkvæmdastjóra prentsmiðjunnar hinn 29. október bréf frá Félagi bókagerðarmanna þar sem tilkynnt var um tilnefningu hans til trúnaðarmanns hjá fyrirtækinu hafi trúnaðarmaðurinn um leið notið verndar 11. gr. laga nr. 80/1938. Þar segi að atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra sé óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannastörfum fyrir sig. Þurfi atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni. Langvarandi hefð sé fyrir túlkun á 2. mgr. 11. gr. Með orðalaginu „að öðru jöfnu“ sé átt við að trúnaðarmaður skuli að jafnaði vera sá síðasti sem sagt er upp störfum ef atvinnurekandi þurfi að fækka við sig verkamönnum og sé þá áskilið að trúnaðarmaður sé sambærilegur starfskraftur og aðrir. Ekki hafi verið bornar fram neinar sakir á umræddan trúnaðarmann og því sé ekki haldið fram af hálfu stefnda að hann hafi ekki staðið jafnfætis öðrum í vinnunni. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við kjör Baldurs Aspar sem trúnaðarmanns þegar tilkynning um það barst. Ástæðu uppsagnarinnar sé alls ekki getið í uppsagnarbréfinu og þar af leiðandi sé ekki annað að sjá en að trúnaðarmaðurinn sé látinn gjalda þess að hann fái þessa tilnefningu hinn 28. október. Starfslok starfsmannsins hafi orðið 30. apríl. Hinn 18. apríl hafi birst í Morgunblaðinu auglýsing frá stefnda, Prentsmiðjunni Eddu, þar sem óskað sé eftir reyndum prentara. Svo snögg hafi viðbrögð stefnda Prentsmiðjunnar Eddu hf. verið að nýja trúnaðarmanninum hafi verið sagt upp störfum umsvifalaust. Það sé rangt að tilnefning Baldurs Aspar hafi ekki tekið gildi fyrir en 30. október.

Stefnandi telur að hin sérstaka vinnuvernd trúnaðarmanns komi til jafnóðum og atvinnurekanda sé kunnugt um tilnefningu hans. Skipti þá í raun ekki höfuðmáli hvort trúnaðarmaður hafi verið tek-

inn að gegna starfinu eða ekki. Í þessu máli hafi að vísu hagað þannig til að fyrrverandi trúnaðarmaður hafi hætt störfum hinn 28. október eða sama dag og Baldur Aspar var tilnefndur og verði því að líta svo á að Baldur hafi tekið við trúnaðarmannsstarfinu deginum áður en honum var sagt upp. En jafnvel þótt svo yrði lítið á í þessu máli að einhver vafi geti leikið á því hvaða dag Baldur Aspar tók við trúnaðarmannsstarfinu, sé þó a.m.k. ljóst að Baldur hafi verið kosinn trúnaðarmaður á vinnustaðnum hinn 27. október með vitund atvinnurekanda og að atvinnurekanda hafi verið tilkynnt um þetta val sérstaklega með bréfi dags. 28. október og með sérstakri afhendingu þeirra gagna af trúnaðarmanninum sjálfum hinn 29. október eða deginum áður en honum var sagt upp. Í flestum tilfellum hljóti mál sem þessi að bera þannig að, að atvinnurekanda sé tilkynnt um tilnefningu trúnaðarmanns með einhverjum fyrirvara. Brýn nauðsyn sé til þess að hin sérstaka vinnuvernd taki gildi um leið og hún berist atvinnurekanda, enda gæti hún verið gangslítill að öðrum kosti þar sem atvinnurekandi geti komið í veg fyrir tilnefninguna og hindrað kjör trúnaðarmanns og starfsemi hans með því að gripa til uppsagnar á tímabili milli tilnefningar og starfs eða í upphafi starfs, jafnvel samdægurs með þeim hætti sem hafi orðið í þessu máli, en auglýsa jafnframt eftir nýjum starfsmönnum fyrir sama tíma.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 sé þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á 11. gr. laganna, sbr. 70. gr. sömu laga. Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi almennt til laga nr. 80/1938 svo og til þeirra réttarreglna sem almennt hafi verið taldar gilda á þessu sviði.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð að uppsögn Baldurs Aspars hafi verið fyllilega lögmæt og hvorki brotið gegn ákvæðum kjarasamnings aðila né laga nr. 80/1938, sbr. 9. og 11. gr. þeirra. Þetta sé augljóst þegar af þeirri ástæðu að Baldur Aspar hafi ekki öðlast réttarstöðu trúnaðarmanns þegar honum var sagt upp störfum þann 30. október 1992.

Í tilnefningarbréfi Baldurs frá 28. október 1992, sem afhent var framkvæmdastjóra stefnda 29. október, hafi ekki verið á það minnst frá hvaða tíma tilnefning Baldurs tæki gildi. Framkvæmdastjóri stefnda hafi því lítið svo á að tilnefningin tæki fyrst gildi að liðnum

uppsagnarfresti Örlygs Sigurbjörnssonar trúnaðarmanns. Fullyrðingar Örlygs í framlögðu dómskjali um það að Baldur hafi tekið við trúnaðarmannsstarfi af honum 29. október séu nú fyrst bornar fram að hálfu stefnanda og hafi stefnda ekki verið um þær kunnugt. Sú ákvörðun Örlygs að segja upp störfum og hverfa síðan af vinnustað fyrir lok uppsagnarfrestsins þann 31. október, að eigin sögn vegna ótekin orlofs breyti engu um það að tilnefning hans sem trúnaðarmanns hafi gilt gangvart stefnda a.m.k. til loka uppsagnarfrest án samþykkis stefnda.

Jafnvel þótt lítið verði svo á, að Baldur Aspar hafi öðlast réttarstöðu trúnaðarmanns fyrir 30. október, breyti það samt engu um lögmæti uppsagnar hans. Tilnefning Baldurs til trúnaðarstarfa í þágu stefnanda komi uppsögn hans í október 1992 nákvæmlega ekkert við. Uppsögnina hafi verið framkvæmd eingöngu vegna almennrar fækkunar starfsmanna hjá stefnda, sem hafi leitt af samdrætti í prentverkefnum og miklum fjárhagserfiðleikum í rekstri stefnda. Tap af rekstri stefnda á árinu 1992 hafi verið yfir 34 milljónir króna eins og framlagður ársreikningur sýni.

Baldur hafi ekki verið látinn gjalda þess á nokkurn hátt að hann hafi verið tilnefndur trúnaðarmaður, enda hafi ákvörðun um uppsögn hans verið tekin áður en hann var kosinn. Fullyrðingar stefnanda um það að stefndi hafi haft snögg handtök og umsvifalaust sagt nýja trúnaðarmanninum upp störfum séu tilhæfifausar. Sú ákvörðun að segja upp 3 starfsmönnum í októberlok 1992 hafi verið tekin áður en Baldur var tilnefndur trúnaðarmaður, þótt sú ákvörðun hefði ekki verið tilkynnt neinum þessara starfsmanna fyrr en með uppsagnarbréfum, sem afhent voru 30. október 1992. Framkvæmdastjóra og framleiðslustjóra stefnda hafi ekki þótt réttlætlegt að breyta þeirri ákvörðun gagnvart Baldri og segja öðrum upp í staðinn enda hafi verið lítið þannig á málið að Örlygur Sigurbjörnsson væri trúnaðarmaður til síðasta starfsdags hans á uppsagnarfresti þann 31. október 1992.

Fullyrðingar stefnanda um það að auglýsing stefnda í Morgunblaðinu þann 18. apríl 1993 eftir nýjum prentara hafi tengst uppsögn Baldurs Aspar séu rangar. Engin tengsl hafi verið þar á milli.

Í prentsmiðjunni Eddu séu í notkun fjöllita prentvélar, fjögurra lita og tveggja lita. Áhöfn fjögurra lita vélarinnar sé 2 menn og í áhöfn tveggja lita vélarinnar sé 1 maður. Á þessum vélum hafi starf-

að 3 prentarar og hafi þeir skipst á að vinna við vélarnar á ca. þriggja mánaða fresti. Þessvegna verði þessir þrír menn að vera jafnvígir á báðar þessar vélar og vanir 4 lita offsetprentun. Einnig sé nauðsynlegt að þessir menn starfi vel saman. Þegar 5 starfsmönnum var sagt upp í september - nóvember 1992 hafi einn prentarinn á fjögurra lita vélinni verið í veikindafríi. Síðan hafi orðið ljóst upp úr síðustu áramótum að hann kæmi ekki aftur til starfa vegna veikindaanna. Þá fyrst hafi orðið ljóst að ekki yrði lengur frestað að ráða nýjan prentara á þessa vél til frambúðar, auk þess sem sumarleyfistímabilið hafi farið í hönd. Þess vegna hafi verið farið að litast um eftir hæfum manni til starfans og m.a. auglýst í Morgunblaðinu 18. apríl sl. Þetta lausa starf, sem auglýst var í Morgunblaðinu hafi því ekki á neinn hátt verið tengt uppsögnunum í september-nóvember 1992 og eðli starfans vegna hafi aldrei komið til greina að endurráða Baldur Aspar í þetta starf, enda hafi hann ekki sótt um starfið.

Stefnandi segist byggja málsókn sína á 2. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938. Þessi lagatilvísun stefnanda fái ekki staðist miðað við málsatvik. Orðalag ákvæðisins banni alls ekki fortaklaust uppsagnir trúnaðarmanna, þegar fækka þurfi starfsmönnum vegna samdráttar, enda segi í greininni að þeir skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda starfi. Ákvæðið hafi í laga og dómaframkvæmd ekki verið túlkað þannig að uppsögn trúnaðarmanns verði ólögmat af þeirri ástæðu einni að starfsmaður sé trúnaðarmaður. Fullyrðingar stefnanda þess efnis að trúnaðarmaður skuli ávallt vera með síðustu starfsmönnum sem sagt sé upp störfum eigi ekki stoð í lögum og samningum. Stefnandi hafi hvorki verið fyrsti né síðasti maður, sem sagt var upp störfum, eins og ljóst sé af málavöxtum. Baldur hafi verið í hópi manna, sem hafi orðið að sæta því hlutskipti að fá uppsagnarbréf haustið 1992.

Stefnandi byggi málssókn sína á 1. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt lögum nr. 80/1938 9. gr. gildi sú regla að stjórn stéttarfélags sé rétt að tilnefna tvo menn til trúnaðarstarfa úr hópi þeirra starfsmanna, sem á staðnum vinna og skuli atvinnurekandi samþykkja annan þeirra.

Sektarkrafa stefnanda sé vanreifuð og tilefnislaus miðað við málatilbúnað hans og málsatvik. Stefnanda sé jafnljóst og stefnda að uppsögn Baldurs Aspar hafi einungis verið framkvæmd vegna samdráttar og rekstrarerfiðleika stefnda.

Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á 65. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 80/1938.

Niðurstaða.

Ágreiningur er með málsaðilum um það hvort Baldur H. Aspar hafi verið orðinn trúnaðarmaður 30. október 1992, þegar hann fékk uppsagnarbréfið.

Ekki var getið um það í bréfi Félags bókagerðarmanna til Prentsmiðjunnar Eddu hf., dags. 28. okt. 1992, frá hvaða tíma Baldur H. Aspar skyldi gegna trúnaðarmanns starfanum, en fram er komið að Örlygur Sigurbjörnsson prentari, sem tilnefndur var trúnaðarmaður 19. febrúar 1991 til 31. desember 1992, hafði sagt upp starfi sínu og rann uppsagnarfrestur hans út 31. október 1992. Örlygur hætti störfum í prentsmiðjunni 28. október 1992 þar sem hann kvaðst hafa átt ótekið orlof. Ekki var heldur getið um það í bréfi Félags bókagerðarmanna til Prentsmiðjunnar Eddu hf. frá hvaða tíma Örlygur Sigurbjörnsson skyldi gegna trúnaðarmannsstarfanum. Leggja verður til grundvallar að nýskipaður trúnaðarmaður taki við starfi sínu þegar fyrirrennari hans hættir störfum.

Eins og að framan hefur verið rakið var framkvæmdastjóra Prentsmiðjunnar Eddu hf. tilkynnt þann 29. október 1992, að Baldur H. Aspar hafði verið tilnefndur sem trúnaðarmaður, en það er daginn áður en honum var sagt upp starfi hjá prentsmiðjunni. Ekkert hefur komið fram um að kosning og tilnefning Baldurs H. Aspar sem trúnaðarmanns FBM í Prentsmiðjunni Eddu hf. hafi verið hagað með öðrum hætti en almennt hefur tíðkast um trúnaðarmenn.

Ekki skiptir máli við niðurstöðu máls þessa þótt tekin hafi verið ákvörðun um uppsögn Baldurs fyrir þennan tíma.

Ljóst er að Baldur H. Aspar var ekki látinn gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður, sbr. 1. málslíð 11. gr. laga nr. 80/1938, en samkvæmt 2. málslíð sömu lagagreinar nýtur trúnaðarmaður þess réttar, að hann skal að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni þegar atvinnurekandi þarfa að fækka við sig starfsmönnum. Í þessu ákvæði felst sú meginregla að trúnaðarmanni á ekki að segja upp störfum við fækkun starfsmanna, nema vinnuveitandinn sýni fram á ríkar ástæður til þeirrar ráðabreytni. Það þykir stefndi ekki hafa gert.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið ber að fallast á það með stefnanda að uppsögn Prentsmiðjunnar Eddu hf. á starfi Bald-

urs H. Aspar sé brot á 2. málslíð 11. gr. laga nr. 80/1938 og því ólög-
mæt.

Svo sem réttarágreiningi í máli þessu er háttað eru hins vegar
ekki efni til þess að dæma stefnda til greiðslu sektar.

Átelja ber stefnanda þessa máls fyrir að hefjast ekki handa um
málssókn fyrr en um það bil hálfu ári eftir að réttarágreiningurinn
lá fyrir.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst
hæfilega ákveðinn kr. 70.000.

D ó m s o r ð:

Uppsögn Prentsmiðjunnar Eddu hf. 30. október 1992 á
starfi Baldurs H. Aspar var ólögमत.

Stefndi, Prentsmiðjan Edda hf., skal vera sýkn af kröfu
stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi greiði stefnanda, Félagi bókagerðarmanna, kr. 70.000
í málskostnað.
